

Miðvikudaginn 20. desember 1967.

Nr. 76/1966. Klúbburinn h/f (Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni

(Guðlaugur Einarsson hrl.)

og til réttargæzlu

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

Magnúsi Einarssyni (Ólafur Þorgrímsson hrl.)

og

Lögreglustjóranum í Reykjavík

og

Magnús Einarsson

gegn

Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni

og til réttargæzlu

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

Klúbbnum h/f

og

Lögreglustjóranum í Reykjavík

og

Össur Ásgeir Halldór Jónsson

gegn

Klúbbnum h/f

og

Magnúsi Einarssyni

og til réttargæzlu

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

og

Lögreglustjóranum í Reykjavík.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds,  
Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús  
P. Torfason.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f, sem skotið hefur máli þessu  
til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1966, krefst sýknu af

kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1966, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. júní 1966. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 200.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

## I.

Er atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er af risið, var aðaláfrýjandi Magnús Einarsson dyravörður í veitingahúsi aðaláfrýjanda Klúbbsins h/f. Starfsskyldur hans voru meðal annars þær að gæta reglu í veitingahúsinu og sjá um, að ölvað fólk fengi ekki inngang. Sannað er, að gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson, var ölvaður, þegar Magnús synjaði honum inngöngu í veitingahúsið. Hefur gagnáfrýjandi borið, að hann hafi „ýtt fast á dyravörðinni með öxlinni og“ ætlað „að pressa sig inn“, en eigi geti hann um það sagt, hvort dyravörðurinn „beinlínis tók á“ honum „með gripi eða hvort hann eingöngu stjakaði við“ honum „með opnum lófa“. Samkvæmt gögnum málsins telst sannað, að Magnús hafi ýtt gagnáfrýjanda frá dyrunum með hægra handarbaki. Magnús þurfti að hleypa gestum inn og loka dyrum. Til þess að geta rækt þann starfa varð hann að bægja gagnáfrýjanda frá dyrunum. Eigi er sannað, að Magnús hafi stjakað svo harkalega við gagnáfrýjanda, að hann verði, eins og á stóð, talinn hafa sýnt af sér óvarkárni eða gáleysi, er skaðabótaskyldu eigi að valda. Verður honum því dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi í þessum þætti málsins þykir eiga að falla niður.

## II.

Í héraðsdómi er lýst dyraumbúnaði veitingahúss aðaláfrýjanda Klúbbsins h/f, útidyrum og palli utan dyra. Telur héraðsdómur, sem auk borgardómara var skipaður tveimur sérfróðum samdómendum, „að með hliðsjón af þeirri starfsemi, sem fram fer í húsinu, verði að telja pallinn óeðlilega mjóan, þannig að slysaætta geti stafað af“. Þá telur dómurinn ekkert hafa verið því til fyrirstöðu „að hækka stéttina framan við húsið, svo að þrepin væru óþörf“. Þykir verða að leggja til grundvallar þetta álit héraðsdóms, sem ekki hefur verið hnekkt, og svo þá niðurstöðu dómsins, að greindur vanbúnaður dyrapallsins hafi verið samvaldur að slysi gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar. Hins vegar var meginorsök slyssins auk óhappatilviljunar ölvun nefnds gagnáfrýjanda og sú háttsemi hans, er að framan getur og nánar er lýst í héraðsdómi. Þykir rétt, að aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f, sem ber ábyrgð á vanbúnaði veitingastaðarins, bæti tjón af slysinu að  $\frac{1}{4}$  hluta, en gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að  $\frac{3}{4}$  hlutum.

## III.

Kröfugerð gagnáfrýjanda er rakin í héraðsdómi.

Tjón gagnáfrýjanda samkvæmt a-lið kröfugerðar hans telst hæfilega metið kr. 70.000.00 og tjón hans samkvæmt i-lið kr. 50.000.00. Kröfuliðir b—h, samtals að fjárhæð kr. 3.175.00, sæta eigi andmælum tölulega. Samkvæmt þessu nemur tjón gagnáfrýjanda alls kr. 123.175.00, og ber aðaláfrýjanda Klúbbum h/f að greiða gagnáfrýjanda fjórðung þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 30.793.75, ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 15.000.00.

## Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar, og falli málskostnaður niður í þeim þætti málsins.

Aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f greiði gagnáfrýjanda kr. 30.793.75 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

#### Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 12. október 1963 milli kl. 2000 og 2100 kom gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson, ásamt konu sinni úr vínblönduboði að veitingastaðnum Klúbbnum, þar sem þau hjónin höfðu mælt sér mót með kunningjum sínum, pantað borð og hugðust eta kveldverð. Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson var þarna við dyravörzlu. Synjaði hann gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, inngöngu vegna ölvunar. Gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, fór eigi burt, heldur þrabað aðaláfrýjanda Magnús um leyfi til inngöngu og reyndi að smokra sér inn með gestum, sem hleypt var inn í húsið, en var varnað þess af aðaláfrýjanda Magnúsi Einarssyni.

Er þessu hafði fram gengið um allanga stund, leiddist aðaláfrýjanda Magnúsi þófið, setti hönd sína á brjóst gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, sem þá var einn á tröppunum ásamt konu sinni að vætti samstarfsmanns aðaláfrýjanda Magnúsar og var að reyna að troða sér inn, og hrinti honum aftur á bak, þannig að gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, féll aftur yfir sig niður af tveggja þrepa palli, sem er framan við dyr veitingahússins. Tók gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, konu sína með sér í fallinu.

Við fallið hlaut gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, brot á vinstra ökla með liðhlaupi og svo sköddun á liðböndum.

Aðaláfrýjanda Magnúsi Einarssyni var að vísu rétt að aftra gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, slævðum af víni, inn-

göngu í veitingahúsið. Aðaláfrýjandi Magnús varð samt offari, þá er hann hrinti gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, aftur á bak af svo miklu afli, að hann þeyttist aftur yfir sig af pallinum og hlaut af lemskur.

Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson var þarna við dyravörzlu í þágu og þjónustu aðaláfrýjanda Klúbbsins h/f. Ber aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f skaðabótaábyrgð á athöfnum aðaláfrýjanda Magnúsar Einarssonar við það starf.

Að atvikum málsins athuguðum er rétt, að gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson, beri tjón sitt að hálfu, en aðaláfrýjendur, Klúbburinn h/f og Magnús Einarsson, óskipt að hálfu.

Krafa gagnáfrýjanda er sundurliðuð í héraðsdómi. Kröfuliðirnir b til h að báðum meðtöldum eru óvefengdir tölulega. Bætur samkvæmt kröfulið a, örorkutjón, þykir hæfilega metið kr. 70.000.00. Bætur samkvæmt kröfulið i, fyrir þjánningar, óþægindi, hneisu og röskun á stöðu og högum, eru hæfilega metnar á kr. 50.000.00.

Samkvæmt því, sem rakið var, er tjón gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar, kr. 70.000.00 + 1.200.00 + 1.000.00 + 45.00 + 300.00 + 420.00 + 150.00 + 60.00 + 50.000.00, þ. e. samtals kr. 123.175.00. Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt helming fjárhæðar þessarar, þ. e. kr. 61.587.50, ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Klúbburinn h/f og Magnús Einarsson, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri Halldóri Jónsyni, kr. 61.587.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-  
um.

### S é r a t k v æ ð i

**prófessors Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda um, að aðal-  
áfrýjendur séu eigi skaðabótaskyldir gagnvart gagnáfrýjanda  
vegna atferlis aðaláfrýjanda Magnúsar, en hann var sýkn-  
aður af refsikröfu með dómi Hæstaréttar 6. desember 1965.

Samkvæmt mælingum héraðsdómenda er dyrapallur sá,  
sem í málinu greinir, 117 sm á lengd frá steinvegg að pall-  
brún. Upp á pallinn eru aðeins tvö þrep, hvort um sig 18  
sm á hæð. Ákvæði 29. gr., 7. tölul., byggingarsamþykktar  
Reykjavíkur nr. 195/1945, sem í gildi var, er atvik málsins  
gerðust, eiga ekki við um dyrapall þennan. Breidd hans var  
meiri en nauðsynleg er samkvæmt 73. gr., 1. mgr., bygging-  
arsamþykktar nr. 39/1965, er nú gildir um dyrapalla á úti-  
tröppum, sem hærri eru en 1.50 m. Eigi hefur verið leitt í  
ljós, að frágangur dyrapalls eða trappa hafi verið óvenju-  
legur eða annars svo varhugaverður, að skaðabótaskyldu  
geti varðað fyrir aðaláfrýjanda Klúbbinn h/f. Eftir þessu  
ber að sýkna aðaláfrýjendur, Magnús Einarsson og Klúbbinn  
h/f, af kröfum gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jóns-  
sonar, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæsta-  
rétti falli niður.

### Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Magnús Einarsson og Klúbburinn h/f,  
eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Össurar  
Ásgeirs Halldórs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. marz 1966.**

Mál þetta, sem dómtekið var 8. marz 1966, hefur stefnandi,  
Össur Ásgeir Halldór Jónsson pípulagningamaður, Hólmgarði 40  
hér í borg, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 21.  
maí 1964, á hendur Klúbbnum h/f, Lækjarteigi 2, Reykjavík, og

Magnúsi Einarssyni lögreglumanni, Mávahlið 3, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 200.000.00 með 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 12. október 1963 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Jafnframt er lögreglustjóranum í Reykjavík, Sigurjóni Sigurðssyni, stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndi Klúbburinn h/f krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Hann hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands til réttargæzlu í málinu, en hjá því hefur hann keypt ábyrgðartryggingu.

Stefndi Magnús Einarsson krefst aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati réttarins. Til vara krefst hann, að bótakröfur stefnanda verði verulega lækkadar og sökinni skipt þannig, að stefnandi beri sjálfur aðalsökina á óhappi sínu, en Klúbburinn h/f að öðru leyti. Til þrautavara krefst hann þess, að ef stefndi Magnús Einarsson verður talinn bótaskyldur í máli þessu, verði stefnukröfurnar lækkaðar og sökinni skipt, svo sem krafizt er í varakröfu, og Klúbburinn h/f þá talinn samábyrgur. Í sambandi við varakröfu og þrautavarakröfu er þess krafizt, að málskostnaður falli niður.

Á hendur réttargælustefndu eru engar kröfur gerðar.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 12. október 1963 klukkan 2045 var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og óskað aðstoðar að veitingastaðnum Klúbbnum. Fóru þrír lögreglumenn á staðinn og vísuðu þaðan Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni og konu hans að ósk dyravarðar hússins, stefnda Magnúsar í máli þessu. Virtist lögreglumönnum sem stefnandi væri úr öklalið og fluttu hann því á Slysavarðstofu Reykjavíkur til aðgerðar og athugunar. Samkvæmt vottorði slysavarðstfunnar var komið með hann þangað klukkan 2100.

Fimmtudaginn næstan á eftir kærði stefnandi til rannsóknarlögreglu yfir því, að hann væri fótbrotin af völdum stefnda Magnúsar, sem hefði hrundið sér. Tók rannsóknarlögreglan samdægurs skýrslu af stefnanda, og hinn 29. júní 1964 kom hann fyrir dóm sem vitni. Var frásögn hans á þá leið, að hann hefði verið í síðdegisboði ásamt konu sinni laugardaginn 12. október 1963 og drukkið þar þrjú glös af „cocktail“. Í boðinu hittu þau önnur hjón, þeim áður ókunn, og varð úr, að þau fóru öll saman á veitingastaðinn Klúbbinn, en stefnandi og kona hans höfðu

áður mælt sér mót þar við nokkra kunnigja sína til kvöldverðar. Taldi stefnandi, að komið hafi verið á veitingastaðinn á milli klukkan 2030 og 2100. Um leið og stefnandi gekk upp útidyratröppur veitingastaðarins, kvaðst hann hafa tekið eitthvert bakslag, og taldi hann, að stefndi Magnús, sem þarna var við dyravörzlu, hefði af þeim sökum neitað sér um inngöngu sakir ölvunar, enda þótt hann hefði þá alls ekki verið áberandi ölvaður. Hin hjónin hurfu fljótlega á brott, en þau kærandi og kona hans vildu reyna frekar til að komast í kvöldverðinn með kunningjafólki sínu. Sagði stefnandi, að stefndi hefði lokað útidyraturinni, eftir að honum var neitað um inngöngu, en fljótlega komu að fleiri gestir, og var þá opnað. Kvaðst stefnandi hafa verið fremst í hópnum og ítrekað ósk sína um að fá að komast inn eða hafa tal af kunningjafólki sínu og jafnframt reynt að ýta sér inn með því að berast með straumnum, enda fast verið ýtt aftan á hann af hinum gestunum. Setti stefndi Magnús stefnanda til hliðar, og var það gert illindalaust. Samtímis sagði stefnandi, að einhver inni á gangi veitingastaðarins hefði hrópað, „á hvaða nafni“ borð hans væri, en það vissi hann ekki, enda bað hann ekki um borðið sjálfur. Hjá rannsóknarlögreglu skýrði hann svo frá, að hann hefði í þessu talið sig sjá einn úr kunningjahópnum og því ýtt fast á dyravörðinn með öxlinni og ætlað að pressa sig inn til þess að ná sambandi við manninn. Stefndi Magnús hafi þá tekið framan í brjóstið á sér og hent sér aftur á bak og kastið verið svo mikið á sér, að hann hafi lent á konu sinni, sem hálfvell undir hann, en sjálfur hafi hann dottið til hliðar og aftur á bak niður úr tröppunum. Rétt í þessu kom lögreglubífið og flutti hann beint á slysavarðstofu. Fyrir dómi sagði stefnandi, að á meðan samræðurnar um, hver beðið hefði um borðið, stóðu yfir, hefðu hinir gestirnir farið inn í húsið, en þegar hann ætlaði að fara að rifja upp nöfn þeirra, sem gætu hafa verið skrifuð fyrir borðinu, hefði stefndi Magnús hrint honum aftur á bak með annarri hendinni, og gat hann ekki borið um, hvorri hendinni hann beitti fyrir sig né hvort stefndi hefði beinlínis tekið á honum með gripi eða einasta stjakað við honum með opnum lófa. Kvaðst stefnandi hafa hrökklazt aftur á bak af pallinum og í því borið fót fyrir sig og muni hann hafa skolið utan í tröppuna, enda jafnframt fundið til mikils sársauka í fætinum. Þar sem ferðin hefði verið svo mikil á sér, sagðist stefnandi aftur hafa borið fyrir sig meidda fótinn niður á stéttina. Sagði stefnandi, að kona hans hefði staðið skáhallt og til hliðar

fyrir aftan sig og muni hann hafa gripið til hennar í fallinu. Stefnandi kvaðst hafa hafnað á stéttinni fyrir neðan tröppurnar, endilangur og aftur á bak, en eiginkona hans við hlið hans og muni aðeins annar handleggur hennar hafa lent undir honum, en konan hins vegar ekki lent ofan á honum. Stefnandi sagðist hafa reiðzt við fallið, en áður en honum var hrint, hafði ekki verið um nein illindi eða átök að ræða milli hans og stefnda Magnúsar, nema ef telja skyldi þann „þrýsting“, þegar stefndi lét hann til hliðar, um leið og fólkinu var hleypt inn.

Eiginkona stefnanda, Helga Stella Guðmundsdóttir, skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að þau hjón hefðu ekki verið mikið undir áhrifum áfengis og taldi, að ekki hefðu sést áfengisáhrif á stefnanda, en hins vegar hefði hann tekið bakfall, um leið og hann gekk upp tröppurnar, svo að stefndi sagði, að þetta fólk færi ekki inn, eða eitthvað í þá átt. Hin hjónin fengu þó heimild til inngöngu, og fór maðurinn inn í húsið um stund, en síðan hurfu þau á brott. Þeim stefnanda og vitninu þótti hins vegar ekki sanngjarnt að vera neitað um inngöngu, biðu þar til næst var hleypt inn, en gengu þá upp að dyrunum. Kvaðst vitnið hafa staðið aðeins til hliðar við dyrnar og minnti, að það væri þá aðeins fyrir aftan og til hliðar við stefnanda. Sagðist vitnið ekki hafa vitað fyrr til en einhver slinkur hefði komið á það og það henzt niður af pallinum ásamt stefnanda. Hélt vitnið, að hann hefði frekar lent ofan á því en það ofan á honum. Að minnsta kosti hefðu bæði fallið, en ekki vissi vitnið, hvernig á því stóð, að þau duttu, fannst eins og einhver þrýstingur kæmi á það, en tók ekki eftir, hvort gripið væri í það. Segist vitnið strax hafa orðið vart við, að stefnandi var slasaður á fæti. Vitnið kvaðst hafa verið marið hér og þar á líkamanum eftir fallið. Ekki mundi vitnið, hvort þau hefðu verið búin að ganga einu sinni að hurðinni og banka, áður en þetta gerðist og frá því að þau reyndu fyrst að fara inn. Fyrir dómi bar vitnið þetta, að það hefði einu sinni bankað árangurslaust á útidyrnar. Þar greindi vitnið einnig svo frá, að það hefði fallið kylliflatt aftur á bak við hlið kæranda og aðeins hægri handleggur þess verið undir líkama mannsins. Um það bil sem vitnið var að standa á fætur, heyrði það einhvern segja fyrir aftan sig: „Hvers slags aðfarir eru þetta eiginlega“, og hélt, að vitnið Björgvin Lúthersson hefði mælt orð þessi. Vitnið kvað nafngreinda konu, sem komið hefði þarna að eftir slysið, hafa sagt því síðar, að hún hefði heyrt nefndan Björgvin

ávíta stefnda fyrir meðferðina á fólkinu, en ekki voru atriði þessi borin undir vitnið Björgvin né nefnda konu.

Stefndi Magnús var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 22. október 1963. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið við dyravörzlu veitingastaðarins ásamt vitninu Björgvin, er stefnandi kom þangað ásamt konu sinni og öðrum hjónum greint kvöld klukkan um 2015. Neitaði stefndi stefnanda og konu hans um inngöngu, þar sem hann taldi þau ölvuð, en sagði hinum hjónunum frjálst að koma inn, og fór maðurinn inn nokkra stund. Á meðan kvað stefndi ölvaða fólkið hafa verið að reyna að komast inn og eins eftir að samferðamaður þess kom út aftur, en stefndi sagðist hafa haldið honum frá dyrunum og boðizt til að útvega því bifreið. Þegar alsgáðu hjónin fóru, kvaðst stefnda hafa verið farið að leiðast þófið og því farið og hringt á lögreglu. Um stund var hurðin lokuð, og engir gestir komu að, en á meðan bankaði hið ölvaða fólk á hurðina. Þegar gestir komu næst, opnuðu þeir stefndi og vitnið Björgvin og stóðu hvor sínu megin við dyrnar. Kom þá kona stefnanda að dyrunum og hann fyrir aftan hana. Sagði stefndi, að þannig hagaði til, að hurðin opnaðist alveg út, innan á henni væri slá, fest á ská, og hefði konan tekið hægri hendi um slána og stefnandi haldið efst um hana með sömu hendi. Stefndi sagði, að pallurinn fyrir framan dyrnar væri mjög stuttur og næði ekki nema skammt út fyrir hurðina, þegar hún væri upp á gátt, en þar fyrir neðan væru tvær tröppur niður á hellulagða stétt. Þegar gestirnir voru að koma að dyrunum, kvaðst stefndi hafa beðið hið ölvaða fólk að fara frá, en það hlýddi því ekki, svo að stefndi setti hægri höndina á brjóstið á stefnanda og ýtti honum frá, en hann missti þá jafnvægið, féll aftur fyrir sig og greip í konuna um leið, en hún missti einnig við það jafnvægið og datt ofan á manninn niður á hellulagða pallinn og kom með sitjandann niður á fæturna á honum. Vitnið Björgvin hefði þá strax farið út og ætlað að hjálpa kæranda á fætur, en hann ekki viljað þiggja hjálpina, staðið sjálfur upp án hjálpar, hoppað á öðrum fæti og sagzt hafa farið úr liði, en stefndi kvaðst ekki hafa tekið mark á þessu, þar sem hann vildi ekki þýðast aðstoðina. Kom lögreglan svo og fór með stefnanda. Stefndi sagði, að sér hefði þótt ákaflega leiðinlegt, að þetta skyldi hafa komið fyrir, því að meiningin hefði ekki verið að meiða manninn, enda höfðu engin illindi átt sér stað, og taldi, að þetta hefði verið hrein slysni, sem stafað hefði af ölvunarástandi mannsins. Fyrir dómi þar stefndi, að stefnandi

og kona hans hefðu verið nokkuð mikið áberandi undir áhrifum áfengis. Sagðist stefndi hafa tekið eftir því, strax og stefnandi kom úr bifreiðinni, að hann reikaði í spori, og í fyrri útidyratröpunni tók hann „bakslag“, einnig var hann ör í fasi. Að áliti stefnda var konan ekki eins áberandi undir áfengisáhrifum, reikaði þó lítilla, en var stilltari í fasi. Sagði stefndi, að stefnandi hefði ekki viljað fara að tilmælum samferðamanns síns að fara brott, þvert á móti haft á orði, að hann skyldi komast inn í veitingasali hússins, hvernig svo sem hann færi að því. Gizkaði stefndi á, að stefnandi hefði dvalið við dyrnar um 25 mínútur, áður en hann gerði lögreglunni aðvart. Sökum anna taldi hann, að það hefði dregið í 12—14 mínútur, að lögreglan kæmist á vettvang. Á meðan og skömmu fyrir komu lögreglunnar vildi óhappið til. Þessi tímamörk stefnda fá vart samrýmt þeim tímum, sem greindir eru í lögregluskýrslu og vottorði slysavarðstofu, en samkvæmt þeim gögnum var fyrst óskað aðstoðar lögreglu klukkan 2045, en komið með stefnanda á slysavarðstofu klukkan 2100. Þegar óhappið átti sér stað, sagði stefndi, að stefnandi muni hafa staðið fyrir miðjum dyrum, konan vestan við hann, bæði staðið tæpt, en maðurinn þó öllu utar. Kvaðst stefndi hafa ýtt honum frá dyrunum með handarbakinu, þannig að hann féll aftur á bak, eða öllu heldur hörfaði aftur á bak, en er hann reyndi að bera fyrir sig fæturna, þá steig hann út af pallinum og missti við það jafnvægið. Um leið sleppti stefnandi takinu á hurðarslánni, greip með sömu hendi í konu sína, tók hana með sér í fallinu, og dattu þau aftur á bak á stéttina fyrir neðan tröppurnar og konan ofan á manninn. Staðhæfði stefndi, að ekki hefði verið um handalögmál eða átök að ræða fyrir óhappið, nema ef telja skyldi, að stefnandi greip jafnan um handlegg stefnda, er honum var ýtt frá. Minntist stefndi þess ekki, að stefnandi hefði verið með nein skammaryrði, þótt hann væri hávær og nokkuð mikið ör eða æstur. Stefndi segir, að sér hafi aldrei runnið í skap við manninn.

Framburður vitnisins Björgvins Lútherssonar, sem annaðist dyravörzlu veitingastaðarins ásamt stefnda Magnúsi, var á þá lund hjá rannsóknarlögreglunni, að það hefði komið að útidyr-unum einhvern tíma „upp úr“ kl. 2000, þá verið bankað, og lauk vitnið upp hurðinni. Skipti þá engu, að stefnandi og kona hans réðust að vitninu og ætluðu að koma sér inn. Virtist vitninu þau vera undir áhrifum áfengis og hafði áður fregnað, að stefndi Magnús hefði neitað þeim um inngöngu. Vitnið hleypti öðrum

gestum inn og sagði jafnframt við stefnda að hringja yrði á lög-reglu til að fjarlægja fólkið frá dyrunum. Sagði vitnið, að stefndi hefði farið til að hringja, en það verið að hleypa inn á meðan og í hvert skipti, sem opnað var, hefði fólk þetta komið og viljað fara inn. Þegar stefndi kom aftur, voru gestir að streyma inn, en stefnandi reyndi að troða sér inn í hvert skipti, sem opnað var. Í eitt skiptið kom nokkuð stór hópur að dyrunum, og kvaðst vitnið þá hafa haldið hurðinni opinni til vinstri. Hjónin hafi þá strax komið og viljað inn. Stefndi hafi ætlað að halda þeim frá sér til hægri og ýtt við manninum frá dyrunum, en hann misst þá jafnvægið og dottið aftur á bak, gripið í konu sína um leið, svo að hún datt ofan á hann niður á stéttina. Kvaðst vitnið hafa farið til að hjálpa honum á fætur, hann ekki viljað þýðast það, en einhver maður komið og reist hann upp. Vitnið sagðist hafa reynt að koma stefnanda í leigubifreið á slysavarðstofuna, en hann viljað bíða eftir lögreglu, sem kom að í sama mund. Kvaðst vitnið ekki hafa vitað til, að stefnandi hefði farið að dyrunum, eftir að honum var hjálpað á fætur, og ekki mundi vitnið, hvort stefnandi heimtaði að fá að fara inn eftir það. Fyrir dómi bar vitnið Björgvin Lúthersson, að þá er slysið varð, hefði það staðið vestanvert í dyrunum og haldið þeim opnum, en stefndi staðið að austanverðu. Hjónin verið bæði á tröppupallinum, konan að vestanverðu, austanvert við vitnið, en ekki gat það fullyrt, hvort þau hefðu haldið í hurðina. Sagði vitnið, að stefndi hefði stjakað manninum frá dyrunum með því að ýta á hann með handarbaki hægri handar, en þar sem maðurinn var mjög drukkinn, hélt hann ekki jafnvægi og greip í konu sína, um leið og hann féll aftur á bak og konan ofan á hann. Sagði maðurinn þá strax, að hann væri farinn úr liði, en neitaði þó hjálp vitnisins, enda taldi vitnið, að hann hefði staðið í þeirri meiningu, að honum hefði verið hrint af vitninu. Þrátt fyrir það kvaðst vitnið ásamt öðrum manni hafa hjálpað honum á fætur. Eftir það hoppaði maðurinn upp á tröppupallinn og ítrekaði fyrirætlun sína um að komast inn í húsið. Nokkrum mínútum síðar kom lögreglan, og hugði vitnið, að þá hefði verið liðinn um stundarfjórðungur, frá því að hún var kvödd á staðinn. Vitnið staðhæfði, að ekkert annað fólk hefði staðið á tröppupallinum eða í tröppunum, þá er slysið varð, og taldi sennilegt, að gestir hefðu þá verið nýfarnir inn í húsið og aðrir að koma aðvífandi.

Hjón þau, sem fóru með þeim stefnanda og konu hans að veitingastaðnum, báru vætti í málinu. Sögðu þau, að öll fjögur

hefðu þau neytt áfengis í síðdegisboði þennan sama dag, en þar kynntust þau. Kom hjónunum mjög á óvart, að stefnanda og konu hans skyldi vera meinuð innganga, ástand þeirra hafi ekki gefið tilefni til slíks, en stefnandi hefði misstigið sig í tröppunum og væri orsakar ef til vill þar að leita. Bar konan, að á meðan eiginmaður hennar var inni í veitingastaðnum, hefði stefnandi og kona hans reynt að komast inn og lent í einhverju þrefi út af því, þó ekki neinum átökum, en þau hjónin virtust mjög sár og leið yfir þessu, einkum þar eð þau höfðu mælt sér þarna mót við fólk. Stefnandi og kona hans vildu reyna frekar að komast inn, en hin hjónin sögðust brátt hafa horfið á brott.

Vitnið Hannes Heiðar Jónsson, Lágafelli, Mosfellshreppi, hugðist neyta kvöldverðar með stefnanda og konu hans á veitingastaðnum greint sinn. Fór vitnið, sem ekki var undir áhrifum áfengis, niður í anddyrið að líta eftir þeim. Varð vitnið þar vart við þau, og var stefnandi þá að tala við stefnda um, að honum fyndist hart að fá ekki að fara inn, þar sem hann ætti frátekið matarborð. Vitnið kvaðst sjálft hafa spurt stefnda Magnús, hvers vegna stefnanda væri neitað um inngöngu, og stefndi svarað eitthvað á þá leið, að stefnandi væri kolvitlaus. Vitnið sagði, að allmargt fólk hefði komið að í þessu, orðalaust fengið að fara inn, og barst stefnandi með því að dyrastafnum austan megin, en stefndi varnaði honum inngöngu. Eftir að fólkið var komið inn og stefnandi og kona hans orðin ein eftir utan dyra, rétti stefndi að sögn vitnisins hægri höndina út um dyrnar, ýtti á brjóst stefnanda og hratt honum, hélt sjálfur á meðan í hurðina með vinstri hendi, en ekki hélt stefnandi í hurðina. Kvað vitnið stefnanda hafa fallið aftur fyrir sig við þetta niður tröppurnar og tekið konu sína, sem stóð skáhallt aftan við hann, með sér í fallinu. Stóðu þau síðan bæði upp, og sá vitnið þá, að stefnandi steig ekki nema í annan fótinn. Fór vitnið upp og sagði samferðafólki sínu, hversu komið var, og er þau komu niður, stóð stefnandi á öðrum fæti við dyrnar og átti í pexi við stefnda. Kom lögreglan í þeim svifum, og fylgdi stefnandi henni mótþróaust, en vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort stefndi legði hönd að handtöku stefnanda. Vitninu virtist stefnandi ekki mikið undir áhrifum áfengis, kona hans öllu meir.

Vitnið Hrefna Magnúsdóttir, eiginkona vitnisins Hannesar Heiðars, kvaðst hafa pantað 10 manna borð á veitingastaðnum og hefði stefnandi og kona hans ætlað að borða þarna. Eftir að eiginmaður vitnisins kom upp, fór vitnið niður, og stóð stefnandi

þá austanvert við dyrnar á öðru fæti og kona hans rétt hjá honum. Vildi stefnandi fá að koma inn og bíða þar, þar sem hann væri meiddur, en stefndi neitaði að hleypa honum inn. Kvað vitnið stefnanda þá hafa reynt að komast inn af eigi rammleik, en stefndi tók í handlegg hans og hélt honum frá sér, en ekki gat vitnið séð, hvort hann sneri upp á handlegginn. Í þessu komu lögreglumenn og tóku stefnanda. Vitnið sagði, að stefndi hefði þá farið út fyrir, og taldi, að hann hefði eitthvað lagt hönd að handtökunni. Á meðan beðið var eftir lögreglu, kvað vitnið, að vitnið Níels Unnar hefði sagt við stefnda eitthvað á þá leið, hvort hann vildi ekki snúa betur upp á handlegg stefnanda. Eftir að lögreglan kom, sagði vitnið, að stefndi hefði tekið vitnið Níels Unnar, látið hann út fyrir og spurt lögreglumennina, hvort þeir vildu ekki einnig hirða vitni þetta. Er vitnið baðst skýringa á þessu, svaraði stefndi, að hann vildi ekki hafa menn inni, sem væru röflandi.

Vitnið Níels Unnar Hauksson, Helgafelli, Mosfellshreppi, var í hópi þeirra, sem hugðust snæða kvöldverð með stefnanda og konu hans, og kvaðst vitni þetta hafa þekkt stefnanda lítils háttar. Fór vitnið niður í anddyrið, og stóð stefnandi þá utan dyra á öðrum fæti. Ekki virtist vitninu hann vera mikið undir áhrifum áfengis, en mjög var hann reiður. Lögreglan kom örskömmu síðar, og gengu tveir lögreglumenn að stefnanda og ætluðu að leiða hann brott. Vitnið kvað hann engan mótþróa hafa sýnt, en þrátt fyrir það hefði stefndi tekið aðra hönd hans aftur fyrir bak og hjálpað lögregluþjónunum af stað með hann, sem vitninu virtist þó alger óþarfi. Kvaðst vitnið þá hafa sagt við stefnda: „Ætlaðu ekki að snúa betur upp á höndina á honum“, eða eitthvað á þann veg. Gekk þá stefndi að vitninu, þeytti því út fyrir dyrnar og hafði á orði, að vitnið væri drukkið, en það kvað vitnið rangt, þar sem það hefði ekki bragðað vín þennan dag. Er vitnið innti stefnda eftir nánari skýringum, fengust þær engar, en stefndi bað lögreglumennina að fjarlægja vitnið. Kvaðst vitnið hafa fylgzt með lögreglu á slysavæðstofu, en þangað var farið með stefnanda.

Hafa nú verið rakin helztu atriði málsins, sem fram hafa komið við sakamálsrannsókn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Magnús hafi að ástæðulausu meinað honum inngöngu í veitingahúsið og beitt hann slíkum harðræðum til að framfylgja því banni, að hann hafi hlotið af stórvægileg meiðsli.

Stefndi Klúbburinn h/f hafi felld á sig fébótaábyrgð vegna

allsendis ófullnægjandi og ólöglegs frágangs á inngangi í veitingahúsið. Pallurinn fyrir framan aðaldyrnar sé of mjór, þar sem breidd hans sé ekki nema 120 cm. Breiðari pallur hefði getað forðað slysinu.

Stefndi Magnús reisir sýknukröfur sínar á því, að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum og því óheimil innganga í opinbert veitingahús. Hann hafi með valdbeitingu reynt að ryðjast inn, sem honum, eins og á stóð, var óheimilt. Þess vegna hafi sér ekki aðeins verið heimilt, heldur skylt, að hindra það lögprot. Slys það, sem stefnandi varð fyrir, sé honum sjálfum algerlega að kenna vegna þrákelkni hans og ölvunarástands. Þá bendir hann á, að sér hafi ekki verið unnt að framkvæma skyldustörf sín öðruvísi en að fjarlægja stefnanda frá dyrunum.

Stefndi Klúbburinn rökstyður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að hann eigi ekki sakaraðild að máli þessu. Lögregluþjónninn Magnús Einarsson, meðstefndi, hafi að vísu fengið greidda þóknun úr hendi Klúbbsins, en starf hans við dyravörzlu hafi verið lögreglustarf. Ef hann fremji bótaskyld afglöp í því starfi, séu það Reykjavíkurborg og ríkið, sem bakábyrgðina beri, en ekki eigendur veitingahússins. Í öðru lagi á því, að stefndi Magnús hafi ekki framið neitt það, er gefi stefnanda rétt til að heimta skaðabætur. Stefnandi hafi verið ölvaður og reynt ítrekað að ryðjast inn í húsið. Augljóst sé, að slysið hafi orðið sökum ölvunarástands stefnanda sjálfs og megi hann því sér einum um kenna.

Varðandi frágang á tröppum og inngangi hússins bendir stefndi á, að þær hafi verið óbreyttar, frá því að húsið hóf starfsemi sína 1960. Aldrei hafi slys komið þar fyrir áður og ekki hafi öryggiseftirlitið séð ástæðu til að finna að þeim.

Með framburði stefnanda í sakadómi, sem studdur er vætti annarra, þykir nægilega sannað, að hann hafi verið ölvaður, er hann kom að dyrum veitingahússins og beiddist inngöngu. Hann hefur sjálfur viðurkennt að hafa haft að engu fortölur stefnda og inngöngubann, en reynt að komast inn með því að ýta fast með öxlinni á stefnda og pressa sig þannig inn.

Stefndi Magnús hafi þá annað hvort gripið í sig eða stjakað við sér með opnum lófa, svo að hann hafi hrökklazt aftur á bak ofan af dyrapallinum og fallið á bakið með þeim afleiðingum, sem síðar verður lýst.

Með því að hafa að engu fortölur stefnda og inngöngubann í húsið hefur stefnandi sjálfur kallað yfir sig mótaðgerðir stefnda

með valdbeitingu. Þykir mega rekja aðalorsakir slyssins til ölvunarástands hans og þrákelknislegrar framkomu. Verður hann því sjálfur að bera megin hluta af tjóni sínu.

Stefnda Magnúsi, sem annaðist dyravörzlu hússins, var bæði rétt og skylt að bægja stefnanda frá dyrunum. Hins vegar bar honum að viðhafa þær aðferðir, sem minnsta hættu höfðu í för með sér. Honum mátti vera ljóst, að nokkur hættu var samfara því að ýta stefnanda frá með handarbakinu sökum ölvunarástands hans og alveg sérstaklega vegna þess, hve dyrapallurinn var mjór.

Samkvæmt vætti starfsmanns stefnda, Björgvins Lútherssonar, var ekkert fólk á tröppunum, er slysið skeði. Stefnda virðist því hafa verið meinalaust að taka stefnanda fangbrögðum og færa hann þannig frá dyrunum. Þykir stefndi Magnús því ekki hafa viðhaft þá varúð, sem atvik og aðstæður gáfu tilefni til. Er því rétt, að hann bæti stefnanda tjón hans að nokkrum hluta.

Skal þá vikið að þætti meðstefnda, Klúbbsins h/f, í málinu. Eins og fram kemur á dskj. nr. 8 og 9 er inngangi í veitingahúsið þannig háttað, að sjálfar dyrnar eru 90 cm breiðar auk vængs, 30 cm. Fyrir framan þær og meðfram húshliðinni til annarrar handar er pallur 117 cm á breidd frá steinvegg, en þar fyrir framan eru tvö þrep niður á hellulagða stétt. Tröppurnar eru 18 cm hvor á hæð. Hurðin opnast út á pallinn, og verður þá 35 cm frá fremri brún hurðar út á pallbrún.

Þegar húsið var byggt, var í gildi byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík frá 22. október 1945. Í 14. gr., 1. lið, segir svo: „Úti-tröppur skulu að öllum jafnaði gerðar úr steypu eða steini eða álíka haldgóðu efni. Á þeim sé handrið, sem þörf krefur, til þess að umferð sé hættulaus“. Í 29. gr., 9. lið, segir svo: „Útitröppur skulu ávallt gerðar úr steini eða steinsteypu og ekki vera hærri en 1.50 m. Að öðru leyti gilda sömu reglur um gerð þeirra og stiga, en byggingarnefnd má leyfa að víkja frá þeim, ef ástæða þykir til“.

Í byggingarsamþykkt er ekki að finna frekari ákvæði um úti-tröppur, en þau ákvæði um stiga, sem hér geta átt við, eru í 29. gr., 7. lið. Þar segir svo: „Stigapallar og gangar meðfram stigum skulu vera minnst jafnbreiðir stiganum, en breidd og lengd gangs frá útidyrum að stiga ekki minni en  $1\frac{1}{3}$  sinnum breidd stigans“.

Eðlilegt er að líta svo á, að breidd dyraopsins samsvari hér stigabreidd, sem um ræðir í 7. lið 29. gr., og ber þar að miða við fulla breidd, þegar bæði hurð og vængur eru opin. Þá er breidd

opsins 120 cm, og ætti því lengd pallsins frá útidyrum að pallsbrún að vera 160 cm. Samkvæmt þessu fullnægir pallurinn ekki ákvæðum byggingarsamþykktar. Ekki er fram komið í málinu, að nein undanþága hafi verið gefin varðandi þennan pall.

Eftir vettvangsskoðun lítur dómurinn svo á, að með hliðsjón af þeirri starfsemi, sem fram fer í húsinu, verði að telja pallinn óeðlilega mjóan, þannig að slysaætta geti stafað af. Þá fær dómurinn ekki séð, að neitt hafi verið til fyrirstöðu að hækka stéttina framan við húsið, svo að þrepin væru óþörf.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja sterkar líkur fyrir því, að ónóg breidd dyrapallsins eigi nokkra sök á slysinu.

Með hinum ófullnægjandi frágangi á aðbúnaði við inngöngudyr veitingahússins, sem stefndi Klúbburinn h/f ber ábyrgð á, þykir hann hafa fellt á sig fébótaábyrgð gagnvart stefnanda að nokkrum hluta.

Þegar öll atriði máls þessa eru saman tekin, þykir rétt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að  $\frac{4}{5}$  hlutum, en stefndu in solidum bæti honum tjón hans að  $\frac{1}{5}$  hluta.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

|                                                                                            |               |
|--------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|
| a) Örorkutjón skv. útreikningi Guðjóns Hansens ..                                          | kr. 72.121.00 |
| b) Kostnaður v/útreiknings örorkutjóns ..                                                  | — 1.200.00    |
| c) Páll Sigurðsson tryggingal. v/örorkumats ..                                             | — 1.000.00    |
| d) Skattskýrsluendurrit ..                                                                 | — 45.00       |
| e) Læknisvottorð Hauks Kristjánssonar ..                                                   | — 300.00      |
| f) Ljósmyndataka ..                                                                        | — 420.00      |
| g) Sakadómsendurrit v/stefnda Magnúsar ..                                                  | — 150.00      |
| h) Endurrit v/málsins, keypt hjá dómara ..                                                 | — 60.00       |
| i) Áætlaðar bætur fyrir þjáningar, óþægindi, hneisu, röskun á stöðu og högum o. s. frv. .. | — 124.704.00  |

---

Samtals kr. 200.000.00

Um lið A. Strax eftir slysið, var stefnandi fluttur á slysa-varðstofuna. Í skýrslu yfirlæknisins á dskj. nr. 10 segir svo:

„Þann 12/10 1963, kl. 2100, kom Ásgeir Jónsson, f. 24/12 1914, til heimilis Hólmgarði 40, í Slysa-varðstofu Reykjavíkur.

Hann sagði, að sér hefði verið fleygt niður tröppur í Klúbbnum af dyraverði þar, og kvartaði hann um sára verki í vinstri ökla. Maðurinn virtist undir áhrifum áfengis, en var þó samvinnuþýður. Við skoðun sást mikil aflögun um vinstri ökla, og virtist

hælbein skaga mikið afturávið, en neðri endar fótleggjarbeina voru gengnir framávið og innávið.

Rgt. myndir sýndu brot um ökla með liðhlaupi. Var gormlaga brotlína í öklabeini utanfótar rétt ofanvið liðinn með nokkurri gliðnun séð framanfrá, en á hliðarmynd nam hún a. m. k. einum cm.

Þá sást, að bilið milli öklabeins innanfótar og vólubeins var mikið aukið og benti á, að liðbönd þar væru rifin að einhverju leyti. Allstór flaski var brotinn úr afturkanti tibia, og vólubein var mikið gengið afturávið. Mikil bólga var um öklann og blæðing inn í liðinn. Brotið og liðhlaupið voru sett í staðdeyfinu, og fékkst góð staða. Gifs var sett á fótinn og maðurinn lagður inn í Slysavarðstofuna. Tveim dögum síðar var honum leyft að fara heim til sín, og var liðan hans þá orðin sæmileg, en hafði verið slæm fyrsta daginn.

Hann kom öðru hverju til eftirlits í Slysavarðstofuna og leið fremur vel.

Þann 8/11 fékk hann göngugifs á fótinn og mátti fara að ganga daginn eftir. Talsverður bjúgur sótti á fótinn. Hinn 9/12 var svo gifs endanlega tekið, og sýndu rgt. myndir nú góða stöðu á brotstöðum, og liðbil sýndist eðlilega vítt. Hreyfingar voru mjög stirðar og talsvert sárar, sem við mátti búast, og húð veik (atrofisk). Elastoplast var sett á fótinn og manninum leyft að ganga með varúð. Ennþá mun liða langur tími, þar til Ásgeir verður vinnufær, og tel ég litlar líkur fyrir fullum bata, þar eð hér var um sérlega illkynja brot að ræða, ekki sízt þar sem liðbönd hljóta að hafa skaddast verulega.

Haukur Kristjánsson læknir“.

Þann 13. ágúst 1965 metur Páll Sigurðsson tryggingalæknir örorku stefnanda. Þar segir svo:

„Ofanritaður maður kom til viðtals hjá undirrituðum 28/7 1964. Hann skýrði frá því, að hann hefði orðið fyrir slysi 17/10 1963. Brotnaði þá um vinstri ökla. Var í gipsumbúðum til 9. desember, en var frá vinnu til miðs febrúar 1964.

Við komuna í júlí 1964 kvartaði maðurinn um stirðleika og verki í vinstra hælbeini og ökla og kvartaði um þreytu við gang. Við skoðun var lítið athugavert að finna. Hann kom aftur til viðtals í desember 1964, og voru kvartanir þá svipaðar og áður. Hann kom í þriðja sinn til skoðunar 13/8 1965. Hann kvartar nú aðeins um óveruleg óþægindi, og kveður hann þau ekki há sér neitt til vinnu. Við skoðun er ekkert að finna at-

hugavert við vinstri ganglim. Röntgenskoðun var gerð síðast 21/12 1964, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Vinstri ökli.

Mall. lat er sennilega allvel fastur. Liðgaffallinn er í gleiðara lagi og liðbilið áberandi gleitt milli mall. med. og talus, enda er pes sin. færður greinilega nokkuð út á við. Fremri liðbrún tibiae sin. er allhvöss.

R. diagn.: Seq. fract. malleoli lat. sin.“.

Ályktun: Hér er um að ræða fimm tугan pípulagningamann, sem slasast fyrir nærri 2 árum. Við slysið hlaut hann brot á dálksökla vinstra megin. Brotið greri eðlilega, en maðurinn hafði veruleg óþægindi nokkuð á annað ár eftir slysið. Nú hefur hann lítil sem engin óþægindi, og við skoðun er ekki að finna neitt athugavert við vinstri öklalið.

Maðurinn hefur ekki hlotið varanlega örorku vegna slyssins, en tímabundin örorka telst hæfilega metin þannig:

|                      |      |        |
|----------------------|------|--------|
| Í 3 mánuði . . . . . | 100% | örorka |
| - 1 mánuð . . . . .  | 75%  | —      |
| - 3 mánuði . . . . . | 50%  | —      |
| - 3 mánuði . . . . . | 25%  | —      |
| - 3 mánuði . . . . . | 10%  | —      |

en síðan verður ekki talið, að um örorku sé að ræða vegna þessa slyss“.

Á grundvelli þessa örorkumats reiknar Guðjón Hansen tryggingafræðingur út atvinnutjón stefnanda. Þar segir svo:

„Með bréfi, dags. 30. ágúst 1965, hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað eftir útreikningi á örorkutjóni Ásgeirs Jónssonar pípulagningamanns, Hólmgarði 40, Reykjavík, af völdum slyss, er hann varð fyrir 17. október 1963. Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, dags. 13. ágúst 1965, er ekki talið vera um varanlegt orkutap að ræða, en tímabundin örorka er metin þannig:

|                      |      |
|----------------------|------|
| Í 3 mánuði . . . . . | 100% |
| - 1 mánuð . . . . .  | 75%  |
| - 3 mánuði . . . . . | 50%  |
| - 3 mánuði . . . . . | 25%  |
| - 3 mánuði . . . . . | 10%  |

Þar eð hér er gert ráð fyrir, að orkutap af völdum slyssins sé úr sögunni 13 mánuðum eftir slysið, skiptir litlu, hvort töflur um starfsorkulíkur eru notaðar við útreikning tjónsins eða ekki. Ég hef þó tekið tillit til starfsorkulíkna, en Ásgeir er sagður fæddur 25. desember 1914 og hefur samkvæmt því verið 48 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Samkvæmt skattframtölum hans fyrir starfsárin 1961—1963 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

|                     |               |
|---------------------|---------------|
| Árið 1961 . . . . . | kr. 76.328.00 |
| — 1962 . . . . .    | — 123.827.30  |
| — 1963 . . . . .    | — 90.556.90   |

Mikill hluti ofangreindra tekna eru laun frá Klæðaverksmiðjunni Álafossi, en af öðrum vinnuveitendum má nefna Teppi h/f og Einar Þorgilsson & Co. h/f. Virðist Ásgeir hafa stundað teppalagningar undanfarin ár, enda er hann í skýrslum sakadóms Reykjavíkur í sambandi við mál þetta ýmist nefndur pípulagningamaður eða teppalagningamaður.

Við umreikning framangreindra vinnutekna til kauplags, eins og það var þá 13 mánuði, sem talið er, að um orkutap hafi verið að ræða, hef ég talið eðlilegt að styðjast við breytingar á töxtum iðnaðarmanna (ég hef hér stuðzt við vikukaup járníðnaðarmanna). Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér meðaltekjur áráanna 1961 og 1962, þ. e. tveggja heilla starfsára fyrir slysið, vera sem hér segir:

|                                    |                |
|------------------------------------|----------------|
| Frá slysdegi til 20/12 1963 . . .  | kr. 129.124.00 |
| Frá 21/12 1963 til 29/9 1964 . . . | — 148.493.00   |
| Frá 30/9 1964 til 17/11 1964 . . . | — 156.424.00   |

Hér er um að ræða meðaltal tveggja allmisjafnra ára, en þegar tillit er tekið til, að slysið varð í miðjum október 1963, virðast vinnutekjur þess árs vera í nokkuð góðu samræmi við þetta meðaltal.

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 72.121.00.

Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960“.

Stefndu hafa báðir mótmælt þessum kröfulið sem of háum og

bent á, að lækka beri upphæð þessa með hliðsjón af því, að hún sé undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

Þegar haft er í huga, að tryggingafræðingurinn miðar útreikning sinn við vikukaup járníðnaðarmanna, og þess er gætt, að dýrtíð hefur farið vaxandi, síðan útreikningurinn fór fram, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 65.000.00.

*Liðum b—h* að báðum meðtöldum hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

*Umlíð i.* Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Ljóst er, að sökum slyssing hefur stefnandi orðið að þola verulegar þjáningar og hlotið margs konar röskun á högum. Þykja því bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður tjón stefnanda kr. 65.000.00 + 1.200.00 + 1.000.00 + 45.00 + 300.00 + 420.00 + 150.00 + 60.00 + 60.000.00, eða samtals kr. 128.175.00.

Þar af ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum  $\frac{1}{5}$  hluta, eða kr. 25.635.00, auk 7% ársvaxta frá 17. okt. 1963 til 1/1 1965, 6% frá þeim degi til 31/12 1965 og 7% ársvöxtum frá 1/1 1966 til greiðsludags.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Ólafi Jenssyni verkfræðingi og Indriða Níelsyni byggingameistara.

#### Dómsorð:

Stefndu, Magnús Einarsson og Klúbburinn h/f, greiði stefnanda, Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni, in solidum kr. 25.635.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. okt. 1963 til 1/1 1965, 6% ársvöxtum frá þeim tíma til 31/12 1965 og 7% ársvöxtum frá 1/1 1966 til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.